

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/34/EB frá 14. júní 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/157/EBE um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja í því skyni að laga hana að tækniframförum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/35/EB frá 18. júní 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/756/EBE varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra í því skyni að laga hana að tækniframförum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 706/2007 frá 21. júní 2007 þar sem mælt er fyrir um, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB, stjórnsýsluákvæði um EB-gerðarviðurkenningu ökutækja og samræmda prófun til að mæla leka frá tilteknum loftræstikerfum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/37/EB frá 21. júní 2007 um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/38/EB frá 11. júlí 2007 um ísetningu spegla sem endurbótahluta í þungaflutningabifreiðar sem eru skráðar í Bandalaginu ⁽⁶⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

l. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 49.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 157, 19.6.2007, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 161, 22.6.2007, bls. 33.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 161, 22.6.2007, bls. 60.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 25.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE):
„– **32007 L 0037**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/37/EB frá 21. júní 2007 (Stjtið. ESB L 161, 22.6.2007, bls. 60).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 70/157/EBE):
„– **32007 L 0034**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/34/EB frá 14. júní 2007 (Stjtið. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 49).“
3. Aðlögunarliður a) í 2. lið (tilskipun ráðsins 70/157/EBE) hljóði svo:
„Eftirfarandi bætist við í lið 4.2 í II. viðauka:
„IS fyrir Ísland
FL fyrir Liechtenstein
16 fyrir Noreg“.“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 76/756/EBE):
„– **32007 L 0035**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/35/EB frá 18. júní 2007 (Stjtið. ESB L 157, 19.6.2007, bls. 14).“
5. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 45zq (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB):
„45zr. **32007 R 0706**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 706/2007 frá 21. júní 2007 þar sem mælt er fyrir um, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB, stjórnsluákvæði um EB-gerðarviðurkenningu ökutækja og samræmda prófun til að mæla leka frá tilteknum loftræstikerfum (Stjtið. ESB L 161, 22.6.2007, bls. 33).
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
Eftirfarandi bætist við í lið 1.1.1 í 3. hluta I. viðauka:
„IS fyrir Ísland
FL fyrir Liechtenstein
16 fyrir Noreg“.“
45zs. **32007 L 0038**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/38/EB frá 11. júlí 2007 um ísetningu spegla sem endurbótahluta í þungaflutningabifreiðar sem eru skráðar í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 706/2007 og tilskipana 2007/34/EB, 2007/35/EB, 2007/37/EB og 2007/38/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.